

Innra mat Lindaskóla

Skólaárið 2019 – 2020



Efnisyfirlit

Inngangur.....	5
1. Matsteymi	5
2. Aðferðir og framkvæmd innra mats Lindaskóla.....	6
2.1 Viðmið um árangur	7
3. Umbótavinna skólaárið 2019-2020	8
3.1 Velferð nemenda, líðan, einelti	8
3.2 Nám og kennsla – ánægja nemenda af lestri.....	9
3.3 Foreldrasamstarf	9
3.4. Heimastuðningur	10
4. Niðurstöður Skólapúlsins	10
4.1 Nemendakönnun.....	11
4.2 Starfsmannakönnun	12
5. Árangur náms	14
5.1 Samræmd könnunarpróf	14
5.2 Lesferill – lestrarþjálfun	17
5.3 Tengslakannanir.....	18
5.4 Starfsmannasamtöl.....	19
6. Umbótaáætlun – Verkáætlun fyrir skólaárið 2020-2021.....	19
6.1 Velferð nemenda, líðan, heilsa, einelti	20
6.2 Ánægja nemenda af lestri.....	21
6.3 Virk þátttaka nemenda í kennslustundum.....	21
6.4 Leiðsagnarmat.....	21
6.5 Starfsumhverfi kennara.....	21
6.6 Starfsmannakönnun – Vinnustaðurinn	22
Lokaorð	23
Fylgiskjal 1. Nemendakönnun 2019-2020. Helstu niðurstöður	26
1. Virkni nemenda í skólanum	26
2. Líðan og heilsa	26
3. Skóla- og bekkjarandi.....	26
Fylgiskjal 2. Starfsmannakönnun 2019-2020. Helstu niðurstöður	27
1. Starfið.....	27
2. Starfsmenn.....	27
3. Vinnustaðurinn.....	27
4. Stjórnun	27

5.	Kennarar – Kennarastarfið	28
6.	Kennarar – Starfsumhverfi kennara	28
7.	Símenntun kennara	29
Fylgiskjal 3. Umbótaáætlun Lindaskóla – Verkáætlun fyrir skólaárið 2020-2021		30
Tafla 1 Velferð nemenda, líðan, einelti		30
Tafla 2 Nám og kennsla – ánægja nemenda af lestri		32
Tafla 3 Skóli og bekkjarandi.....		34
Tafla 4 Skóli og bekkjarandi frh.....		35
Tafla 5 Starfsumhverfi kennara		36
Tafla 6 Starfsmannakönnun – Vinnustaðurinn.....		37

Inngangur

Lindaskóli tók til starfa 1. september 1997 og er því að hefja sitt 24. starfsár. Lindaskóli stendur við Núpaland og er staðsettur í miðju skólahverfinu. Hann er heildstæður grunnskóli með nemendum í 1.-10. bekk. Haustið 2020 voru 459 nemendur í skólanum og um 70 starfsmenn. Gildi Lindaskóla eru *Vínátta - Virðing - Viska*. Nánari upplýsingar um skólann er að finna í *Starfsáætlun Lindaskóla* sem er að finna á heimasíðu skólans undir flípanum *Áætlanir*.

Í þessari skýrslu um innra mat skólans verður gerð grein fyrir þeirri matsvinnu sem fram fór í Lindaskóla á skólaárinu 2019-2020. Covid-19 hefur sett mark sitt á allt skólastarf undanfarna mánuði og hafði svo sannalega áhrif á framkvæmd innra mats og vinnu við þessa skýrslu.

1. Matsteymi

Skólaárið 2019-2020 voru sex fulltrúar í matsnefnd Lindaskóla, fjórir fulltrúar starfsmanna, einn fulltrúi foreldra og einn fulltrúi nemenda. Þeir voru:

Auðbjörg Njálisdóttir, umsjónarkennari á yngsta stigi
Fjóla Borg Svavarsdóttir, kennari í upplýsingatækni
Guðríður Ólafsdóttir, kennari á yngsta stigi og miðstigi
Hilmar Björgvinsson, aðstoðarskólastjóri
Sigríður Dóra Gísladóttir, umsjónarkennari á elsta stigi
Margrét Hjálmarsdóttir, fulltrúi foreldra
Katrín Einarsdóttir 10. LA, fulltrúi nemenda

Skólaárið 2020-2021 eru eftirfarandi fulltrúar í matsteyminu:

Auðbjörg Njálisdóttir, umsjónarkennari á elsta stigi
Fjóla Borg Svavarsdóttir, kennari í upplýsingatækni
Guðríður Ólafsdóttir, umsjónarkennari á miðstigi
Hilmar Björgvinsson, aðstoðarskólastjóri
Sigríður Dóra Gísladóttir, umsjónarkennari á elsta stigi

Sveindís Ólafsdóttir, umsjónarkennari á yngsta stigi

Margrét Hjálmarsdóttir, fulltrúi foreldra

Elísa Björnsdóttir 10. þS, fulltrúi nemenda

Emma Ýr Guðmundsdóttir 10. þS, fulltrúi nemenda

Helstu verkefni skólaárið 2019-2020 voru eftirfarandi:

- Samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 9. bekk
- Lesfimiþróf Menntamálastofnunar í 1.-10. bekk
- Nemendakannanir Skólapúlsins
- Starfsmannakönnun Skólapúlsins, febrúar 2020
- Matsskýrsla 2019-2020 ásamt umbótaáætlun, lokið í nóvember 2020.

Teymið var með nokkra sameiginlega vinnufundi og skipti með sér verkum. Margir tóku þátt í ritstörfum og lauk nýtt matsteymi við skýrsluna í desember 2020.

2. Aðferðir og framkvæmd innra mats Lindaskóla

Í matsáætlun Lindaskóla 2019-2023 er gerð ítarleg grein fyrir mati á skólastarfi og innra mati Lindaskóla.

Í þriðja kafla áætlunarinnar er fræðileg umfjöllun um mat á skólastarfi og í fjórða kafla er umfjöllun um innra mat Lindaskóla. Þar er gerð grein fyrir helstu matsþáttum skólans sem eru:

- Nám og kennsla
- Mannauður
- Stjórnun
- Skólabragur
- Innra mat
- Áherslur Lindaskóla

Í fjórða kafla er einnig fjallað um gagnaöflun en skólinn styðst við ýmis matstæki til að meta innra starfið. Helstu matstækin eru:

- Lesferill – lestrarþjálfun
- Ýmsar skimanir og próf s.s. stafa- og hljóðakannanir, lesskimanir, hraðapróf, framsagnarpróf, Orðarún lesskilningspróf og Aston Index stafsetningarpróf
- Skólapúlsinn sem er veflægt matskerfi fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla þar sem nemendur, foreldrar og starfsmenn svara spurningalista á netinu um flestalla þætti skólastarfsins
- Fjölbreytt námsmat til að meta frammistöðu og framfarir í námi
- Samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 9. bekk

2.1 Viðmið um árangur

Matsteymi Lindaskóla ásamt skólasamfélaginu hefur sett sér eftirfarandi viðmið varðandi matsspurningar Skólapúlsins: Markmið Lindaskóla eru þau að vera yfir landsmeðaltali í öllum þáttum eða í það minnsta jafn. Þar sem við erum í heildina marktækt yfir landsmeðaltali getum við verið ánægð með niðurstöðuna. Hins vegar þar sem niðurstöður skólans eru marktækt undir landsmeðaltali þarf skólinn að bregðast við og eru þeir þættir settir inn í umbótaáætlun. Þar sem niðurstöður eru gefnar upp í prósentum er viðmiðið að vera alltaf yfir 80%, t.d. að vera mjög ánægð eða frekar ánægð með ákveðna þætti í skólastarfinu. Í mikilvægum þáttum sem tengjast velferð nemenda og starfsfólks eins og einelti eða áreitni eru sett hærri viðmið og þau skoðuð sérstaklega í hverju tilfalli fyrir sig. Einelti er aldrei ásættanlegt. Velferð nemenda og starfsfólks er ætíð höfð að leiðarljósi og er því alltaf höfð í umbótaáætlun skólans.

Jafnframt eru viðmiðin um árangur og framfarir í samræmdum könnunarprófum, lesskilningi og lesfimi þau að nemendur í Lindaskóla séu jafnir eða hærri en nemendur á landinu.

Með því að vera með fyrir fram skilgreind viðmið um árangur finnum við hvar styrkleikar og veikleikar í hinum ýmsu þáttum skólastarfsins liggja. Þó það geti verið gott að miða niðurstöður við aðra skóla er það ekki algilt því ytri þættir þeirra eru mjög mismunandi.

Má þar nefna uppbyggingu hverfa, menntunarstig foreldra, samsetningu nemendahópa og reynslu starfsfólks. Því er mikilvægt að skoða hverja spurningu fyrir sig.

Matsteymi Lindaskóla leggur áherslu á að umbótaáætlun sé gerð með aðkomu alls skólasamfélagsins. Sú vinna fer almennt fram að vori þegar niðurstöður hafa fengist úr könnunum skólaársins. Þá er boðaður kaffihúsafundur með öllum starfsmönnum, fulltrúum nemenda og foreldra þar sem unnið er í minni hópum og settar fram hugmyndir um hvernig vinna skuli að umbótum. Aðstæður vegna Covid-19 leyfðu ekki þessa framkvæmd síðastliðið vor og var kaffihúsafundinum sleppt. Í stað hans voru haldnir fjórir Teams fjarvinnufundir haustið 2020 með starfsmönnum skólans þar sem þeir ræddu tillögur að umbótum.

Skólaráð Lindaskóla er umsagnaraðili matsvinnu skólans og fer reglulega fram kynning á þeirri vinnu sem þar fer fram. Skólaráð er jafnframt hvatt til að koma með ábendingar eða athugasemdir varðandi matsvinnuna, matsáætlanir og matsskýrslur. Skólaráð er skipað skólastjóra, fulltrúum foreldra, fulltrúum kennara og annarra starfsmanna, fulltrúum nemenda og fulltrúa grenndarsamfélagsins. Þannig er öllum í skólasamfélaginu tryggð þátttaka í öllu matsferlinu.

3. Umbótavinna skólaárið 2019-2020

Hér verður gerð grein fyrir helstu umbótavinnu skólaársins 2019-2020 vegna kannana sem lagðar voru fyrir skólaárið 2018-2019.

3.1 Velferð nemenda, líðan, einelti

Í Lindaskóla er lögð áhersla á jákvæð samskipti og sú vinna gekk ágætlega skólaárið 2019-2020. Áreitni eða einelti er aldrei ásættanlegt og því var unnið með þessa þætti, eins og við gerum á hverju ári, þó svo að staðan í Lindaskóla sé talsvert betri en landsmeðaltal. Eitt tilfelli er einu of mikið. Eineltisáætlun skólans var kynnt fyrir öllum starfsmönnum og forráðamönnum nemenda. Það var gert á starfsmannafundi og á árlegum haustfundum fyrir forráðamenn. Lindaskóli vinnur eftir *Saman í sátt* sem fjallar um aðgerðir gegn einelti og samskiptamál. Eineltisáætlunin er á heimasíðu skólans og

þar er að finna skilgreiningu á hugtakinu einelti. Það er mikilvægt að sami skilningur sé á hugtakinu meðal nemenda, foreldra og starfsmanna.

Umsjónarkennarar, upplýsingatæknikennari og kennsluráðgjafar ræddu reglulega við nemendur sína um alvarleika eineltis og neteineltis á tímum örra breytinga. Umsjónarkennarar voru hvattir til að skrá hjá sér þau mál sem upp komu og upplýsa foreldra þolenda og gerenda um næstu skref.

Unnið var með líðan nemenda í frímínútum. Þar má nefna útileikfangakassa í hverri bekkjarstofu í 1.- 7. bekk sem hvetja til fjölbreyttari útileikja. Nemendur kunna vel að meta þennan möguleika. Skólavinaverkefni 1. og 6. bekkjar hélt áfram göngu sinni en þar aðstoða nemendur í 6. bekk þá yngri í útivist.

3.2 Nám og kennsla – ánægja nemenda af lestri

Ánægja nemenda af lestri mældist marktækt minni í Lindaskóla en að meðaltali á landinu. Til að efla ánægju nemenda af lestri var ýmislegt lagt af mörkum. Kennarar voru hvattir til að fylgja eftir lestrarstefnu skólans og kynna hana fyrir foreldrum á haustfundum. Lögð var áhersla á yndislestur í skólanum, að kennarar læsu fyrir nemendur í nestistímum og að nemendur ynnu fjölbreytt verkefni sem tengdust lestri. Kennarar voru hvattir til að kynna spjaldtölvur sem tæki til lestrar og bókasafnsfræðingur skólans kynnti bækur mánaðarins á hverju stigi á bókasafninu, á heimasíðu skólans og á upplýsingaskjá nemenda og kennara. Sökum aðstæðna í samfélaginu féllu upplestrarkeppnin í 4. bekk niður.

3.3 Foreldrasamstarf

Lindaskóli kom marktækt lægri út en landsmeðaltal varðandi áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi börnin þeirra og eins varðandi það að skólinn/kennarar leiti eftir tillögum foreldra varðandi ákvarðanir er varða börn þeirra og að þær ábendingar væru teknar til greina. Á þessum þáttum var tekið í matsskýrslu fyrir skólaárið 2018-2019 og starfsmenn skólans og foreldrar hvattir til að eiga samskipti þegar teknar eru ákvarðanir sem skipta máli varðandi nám og líðan nemenda. Var starfsmönnum skólans gert skylt að eiga frumkvæði að þessum samskiptum.

Þá var gert ráð fyrir því að skólinn ætti frumkvæði að því að afla upplýsinga frá foreldrum áður en sértækar ákvarðanir væru teknar varðandi börn þeirra og að þær

ábendingar væru teknar til greina. Til að bregðast við þessu var gert ráð fyrir að sett yrði á laggirnar skilgreint ferli varðandi slíkar ábendingar frá foreldrum. Kennarar voru gerðir meðvitaðir um þetta ferli og mikilvægi þess að hafa foreldra með í ráðum.

3.4. Heimastuðningur

Trú foreldra á eigin getu til að hjálpa barni sínu með námið var marktækt undir landsmeðaltali í Lindaskóla sem og vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu. Skólaárið 2019-2020 var unnið að því að gera námsáætlanir skýrar og aðgengilegar þannig að foreldrar ættu auðveldara með að aðstoða börn sín. Á yngsta stigi fóru vikubréf inn á Mentor og í 5.-10. bekk var stuðst við Mentor og Google Classroom og efni sett þar inn til stuðnings. Hvatt var til umræðna heima og í skólanum um mikilvægi þess að nemendur leiti til foreldra sinna varðandi námið og foreldrar hvattir til að koma í skólann þegar tækifæri gæfist. Hins vegar setti Covid-19 strik í reikninginn varðandi allt samstarf og heimsóknir foreldra lágu niðri frá byrjun marsmánaðar.

4. Niðurstöður Skólapúlsins

Eitt af matstækjum Lindaskóla í innra mati hans eru kannanir Skólapúlsins. Hér verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum skólaársins 2019-2020. Kannanir voru lagðar fyrir nemendur og starfsmenn og má sjá yfirlit yfir niðurstöðurnar í fylgiskjölum (Fylgiskjal 1: Nemendakönnun 2019-2020, bls. 25 og Fylgiskjal 2: Starfsmannakönnun 2020, bls. 26). Einnig eru allar niðurstöður Skólapúlsins á heimasíðu skólans. Skólapúlsinn birtir niðurstöður á mælikvarðanum 0 til 10 og er normaldreifður með meðaltal 5 og staðalfrávik 2. Hátt gildi á kvarða sýnir að viðkomandi þáttur er sterkt einkenni í skólanum. Normaldreifðar niðurstöður eru byggðar upp með því að laga dreifingu stiga að normaldreifingu. Kostir þess eru stöðugleiki og einfaldleiki og túlkunin byggir á traustum grunni. Meðaltöl og staðalfrávik (meðaltalsfrávik frá meðaltali) verða þannig alltaf þau sömu á landsvísu. Normaldreifing gerir samanburð á milli tiltekins skóla og landsins mögulegan og gefur samanburðinum merkingu. Niðurstaða hvers þáttar er annað hvort meðaltal mæligilda á bilinu 0 til 10 eða hlutfall svarenda sem velja tiltekna svarmöguleika. Sem viðmiðunarregla telst meðaltalsmunur upp á 0,5 stig ekki mikill

munur, en munur upp á 1,0 stig telst töluverður og munur upp á 1,5 stig telst mikill munur. Ef mæling skólans á tilteknum þætti er marktækt fyrir ofan eða fyrir neðan niðurstöðu annarra skóla miðað við 95% öryggismörk er mismunurinn í aftasta dálki fyrir aftan nafn þáttarins stjörnumerktur og með bláum stöfum. Þetta merkir að hægt sé að fullyrða með 95% vissu að munurinn sé raunverulega til staðar í þýðinu.

Nú verður fjallað um þær niðurstöður sem sýna styrkleika og veikleika skólans. Sérstaklega verður sagt frá þeim niðurstöðum þar sem Lindaskóli er marktækt frábrugðinn viðmiðunarhópnum og eru þá niðurstöðurnar stjörnumerktar.

4.1 Nemendakönnun

Nemendakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir nemendur í 6.-10. bekk mánaðarlega frá september til og með febrúar. Tveir þættir mældust marktækt undir landsmeðaltali og fara því inn í umbótaáætlun ásamt vinnu með lestur og einelti.

1. Virkni nemenda í skólanum

Það er ánægjulegt að sjá að enginn þáttur er varðar virkni nemenda er marktækt undir landsmeðaltali. Hins vegar hefur útkoman heldur versnað á milli ára. Ánægja af lestri mældist 4,5 (landið 4,7), þrautseigja í námi 4,9 (landið 4,9), áhugi á stærðfræði 5,2 (landið 5,0), ánægja af náttúrufræði 5,5* (landsmeðaltal 4,8), trú á eigin vinnubrögð í námi 4,6 (landið 4,8) og trú á eigin námsgetu 4,6 (landið 4,7).

Í náttúrufræði er niðurstaða Lindaskóla marktækt betri en á landinu öllu og ánægja af lestri er ekki lengur marktækt undir landsmeðaltali eins og undanfarin ár. Þrátt fyrir það er ánægja af lestri aðeins undir landsmeðaltali og því verður unnið að því að efla þennan áhuga nemenda enn frekar.

2. Líðan og heilsa

Í þessum hluta hefur útkoman dalað á milli ára en skólinn er hvergi undir landsmeðaltali. Sjálfsálit 4,8 (landið 4,5), stjórn á eigin lífi 4,7 (landið 4,6), vellíðan 4,6 (landið 4,6), einelti 5,4 (landið 5,4), tíðni eineltis 10% (landið 12,1%), tíðni hreyfingar 47,2% (landið 45,6%) og hollt mataræði 4,8 (landið 4,7).

Í þættinum „einelti“ er spurt hvort nemendur hafi orðið fyrir ýmsu áreiti sem talin eru upp og þá hve oft. T.d. hvort að nemendur hafi orðið fyrir baktali eða ofbeldi, verið skilin

útundan, eitthvað særandi sagt við þá o.fl. Í Lindaskóla er stöðugt verið að vinna með jákvæð samskipti nemenda og einelti er aldrei liðið í skólanum.

3. Skóla- og bekkjarandi

Samsömun við nemendahópinn mælist 5,2 (landið 5,0), samband nemenda við kennara 4,8 (landið 4,9), agi í tímum 5,1 (landið 4,9), virk þátttaka nemenda í tímum 4,5* (landið 5,1) og tíðni leiðsagnarmats 4,4* (landið 5,0).

Í þessum þáttum er niðurstaðan ekki nógu góð og er Lindaskóli marktækt undir landsmeðaltali í tveimur þáttum. Þessir þættir fara því inn í umbótaáætlun og unnið verður með þá.

4.2 Starfsmannakönnun

Starfsmannakönnun var lögð fyrir í mars 2020. Henni er skipt upp í sjö hluta. Hér verður gerð grein fyrir helstu styrkleikum og veikleikum skólastarfsins að mati starfsmanna.

1. Starfið

Í þessum hluta eru nokkrir þættir sem snerta starfið og hafa ekki verið mældir áður. Vinnuálag mælist 4,9 (landið 4,8), skýrleiki hlutverks 5,6* (landið 4,9), ágreiningur um hlutverk 4,7 (landið 4,9) og jákvæðar áskoranir í starfi 5,5 (landið 5,2). Það er jákvætt að skýrleiki hlutverks og jákvæðar áskoranir koma mjög vel út og eru marktækt yfir landsmeðaltali.

2. Starfsmenn

Hér eru einnig þættir sem hafa ekki verið mældir áður í könnunum Skólapúlsins. Leikni í starfi mælist 5,7* (landið 5,0), skuldbinding til vinnustaðarins 5,7* (landið 5,2) og skörun vinnu og einkalífs 5,3 (landið 5,0). Tveir þættir mælast marktækt betri en landsmeðaltalið sem er mjög gott.

3. Vinnustaðurinn

Í öllum þáttum er varðar vinnustaðinn kemur Lindaskóli betur út en landsmeðaltal þar af mælast þrjú þættir marktækt yfir landsmeðaltali. Starfsandi mælist 5,9* (landið 5,3), stuðningur frá samstarfsfólki 5,6* (landið 5,1), stuðningur við nýsköpun 5,8* (landið

5,2), mismunun 4,5 (landið 4,8), einelti (þú) 3,5% (landið 3,9%), einelti (annar en þú) 6,9% (landið 10,8%) og einelti (séð tvo eða fleiri lagða í einelti) 1,7% (landið 3,8%). Þrátt fyrir góða útkomu Lindaskóla miðað við landið er einelti aldrei liðið og fer því vinna við þann þátt inn í umbótaáætlun skólans.

4. Stjórnun

Hér eru ýmsir þættir er varðar stjórnun skólans og hafa fjórir fyrstu ekki verið kannaðir áður. Stuðningur frá næsta yfirmanni mælist 5,9* (landið 5,3), sanngjörn forysta 5,5 (landið 5,3), valdeflandi forysta 5,7* (landið 5,1). ræktun mannauðs 6,3* (landið 5,3), starfsmannaviðtöl undanfarið ár 90,7%* (landið 77,8%) og gagnsemi starfsmannaviðtals 87,2% (landið 88,1%).

Niðurstaðan er mjög góð í þessum þáttum og er skólinn marktækt yfir landsmeðaltali í fjórum þeirra af sex. Í einum þætti erum við örlítið undir er varðar gagnsemi starfsmannaviðtals en samt sem áður er skólinn vel yfir þeim viðmiðum sem hann hefur sett sér.

5. Kennarar – Kennarastarfið

Hér eru margir þættir um kennarastarfið sem koma mjög vel út. Ánægja með kennarastarfið 5,8 (landið 5,4) og trú kennara Lindaskóla á eigin getu er mjög góð 5,5* (landið 4,9). Það vekur athygli að dregið hefur mikið úr því að kenna öllum bekknum í einu í Lindaskóla og þeir sem gera það oft eða alltaf eru 35,3%* kennara (landið 48,5%), hópavinna í bekk hefur aukist og er nú 57,6%* (landið 35,1%), einstaklingsvinna í bekk hefur minnkað, 45,5%* (landið 31,6%) og einstaklingsmiðuð kennsla aukist, 60,6% (landið 54,1%). Hér er um jákvæða breytingu að ræða sem hefur átt sér stað á undanförunum árum. Áhersla kennara á námsmat með prófum er 6,5% (landið 12,9%) og áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum 83,9% (landið 75,4%). Það er mjög gleðilegt hve mikil áhersla er lögð á fjölbreytt námsmat í Lindaskóla.

6. Kennarar – Starfsumhverfi kennara

Þegar starfsumhverfi kennara í Lindaskóla er skoðað kemur í ljós að stuðningur við kennara vegna nemenda með námserfiðleika er marktækt minni en landsmeðaltalið

segir til um, 4,6* (landið 5,3). Þetta er veikleiki sem þarf að vinna með. Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara 5,8* (landið 5,0) kemur mjög vel út og eins samráð um kennslu 5,6* (landið 5,0). Þessir þættir mælast marktækt yfir landsmeðaltali.

7. Kennarar – Símenntun kennara

Rífliga helmingur kennara Lindaskóla sótti sér símenntun ellefu daga eða meira undanfarið ár, eða 54,3% (landið 45%). Hins vegar var símenntunarpörf þeirra ekki eins mikil og landsmeðaltalið segir til um eða 4,5* (landið 5,3) og hlutfall kennara sem hefði viljað meiri símenntun undanfarna 12 mánuði var 45,5% (landsmeðaltal 49,2%). Það er ánægjulegt að sjá hvað kennarar í Lindaskóla hafa staðið sig vel í símenntun undanfarið ár.


5. Árangur náms

Mat á námi nemenda í Lindaskóla fer fram með ýmsum hætti. Til að meta frammistöðu og framfarir nemenda er stuðst við fjölbreytt námsmat sem fer fram allt skólaárið. Ýmsar skimanir eru lagðar reglulega fyrir nemendur, s.s. í lestri og stafsetningu og sérstakar kannanir eru lagðar fyrir nemendur um líðan og samskipti. Tvisvar sinnum á ári eru lagðar fyrir tengslakannanir. Menntamálastofnun leggur fyrir samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 9. bekk og stöðluð lestrarpróf. Hér verður gerð nánari grein fyrir þessum matstækjum og helstu niðurstöðum.


5.1 Samræmd könnunarpróf

Rýnt er í niðurstöður samræmdra prófa þegar þær berast, því þær gefa almennar vísbendingar um starfið í skólanum og kennarar viðkomandi árganga geta nýtt sér þær til umbóta þar sem á hallar.

Á myndunum hér á eftir má sjá niðurstöður samræmdra könnunarprófa síðustu skólaára. Einkunnakvarði prófanna er normaldreifður frá 0 til 60 stigum með meðaltal 30 og staðalfrávik 10. Græna línan sýnir stöðu Lindaskóla samanborið við landsmeðaltal sem er rauð lína. Blágræna línan er niðurstaða drengja í Lindaskóla og fjólubláa línan er niðurstaða stúlkna.




Mynd 1 – Samræmd könnunarpróf í íslensku, 4. bekkur – Ársmeðaltöl




Mynd 2 – Samræmd könnunarpróf í stærðfræði, 4. bekkur - Ársmeðaltöl

Árangur nemenda 4. bekkjar á samræmdum könnunarprófum í íslensku og stærðfræði hefur verið rétt yfir eða við landsmeðaltal undanfarin ár. Haustið 2017 var hins vegar árangurinn sérstaklega góður. Niðurstaðan í stærðfræði haustið 2019 er hins vegar talsvert undir landsmeðaltali.




Mynd 3 – Samræmd könnunarpróf í íslensku, 7. bekkur - Ársmeðaltöl




Mynd 4 – Samræmd könnunarpróf í stærðfræði, 7. bekkur – Ársmeðaltöl

Árangur 7. bekkjar í íslensku og stærðfræði hefur verið um og yfir landsmeðaltali undanfarin misseri. Haustið 2019 var árangurinn í stærðfræði rétt fyrir ofan landsmeðaltal en í íslensku í meðaltali.


Samræmd könnunarpróf á unglिंगastigi voru lengi vel lögð fyrir nemendur í 10. bekk. Árið 2017 breyttist það og farið var að leggja þau fyrir nemendur í 9. bekk.



Mynd 5 – Samræmd könnunarpróf í íslensku, 9.-10. bekkur – Ársmeðaltöl



Mynd 6 – Samræmd könnunarpróf í stærðfræði, 9.-10. bekkur – Ársmeðaltöl




Mynd 7 – Samræmd könnunarpróf í ensku, 9.-10. bekkur – Ársmeðaltöl

Árangur hefur verið yfir landsmeðaltali í íslensku og stærðfræði á unglíngastigi undanfarin ár og er það einnig vorið 2020. Í ensku er árangurinn að þessu sinni rétt undir landsmeðaltali.

5.2 Lesferill – lestrarþjálfun

Lesfimiþróf MMS (Menntamálastofnunar) eru stöðluð hraðlestrarþróf fyrir alla nemendur frá 1.-10. bekk. Árangur nemenda í Lindaskóla í maí 2019 var í heildina mjög góður. Einn árgangur var undir landsmeðaltali, einn var í meðaltalinu en aðrir fyrir ofan.



Mynd 8 – Niðurstöður lesfimiþrófa í maí 2020

Lesfimiþróf MMS eru stöðluð hraðlestrarþróf fyrir alla nemendur í 1.-10. bekk og eru framkvæmd þrisvar sinnum á ári (september, janúar og maí). Niðurstöður þrófanna eru skoðaðar og metið hvort grípa þurfi til frekari stuðnings við nemendur, s.s. sérkennslu. Þá er einnig greint hvaða nemendur þurfa sérstakt lestrarátak sem skólinn býður upp á í samvinnu við heimilin.

Nemendur í 3.-8. bekk eru prófaðir í lesskilningi að hausti og vori með Orðarún, stöðluðum prófum á vegum MMS. Niðurstöður gefa upplýsingar um framfarir nemenda á milli ára og skólinn nýtir niðurstöðurnar til þess að fylgjast með hvort framfarir nemenda séu með eðlilegum hætti og grípa inn í ef vísbendingar benda til annars.

Við upphaf skólagöngu nemenda í 1. bekk er stafabekking þeirra könnuð, einnig er gerð lesskimun frá MMS í október til að meta undirstöðupætti lestrar sem eru málþroski, bókstafir/hljóð og hljóðkerfisvitund. Þeir nemendur sem koma ekki nógu vel út í þessum athugunum fá viðeigandi stuðning eða sérkennslu. Í janúar eru þeir nemendur sem þurftu stuðning teknir í stafakönnun að nýju.

Nemendur í 8.-10. bekk eru prófaðir í lesskilningi að vori þar sem lesskilningur er hluti af vorprófi í íslensku. Nemendur í 9. bekk taka þar að auki samræmt próf í íslensku í mars þar sem stór hluti prófsins er lesskilningur.

Nestissögur eru mikilvægur þáttur í lestrarnámi, börnin fá tækifæri til að auka orðaforða sinn og málskilning og hlustunarskilningur eflist. Yndislestur veitir nemendum færi á að velja sér sjálfir lestrarefni, þeir lesa sér til gleði og gagns og styrkja lestrarfærni sína. Lindaskóli hefur aðgang að góðum bókakosti og er skólabókasafnið, Lindasafn, vel nýtt, en eftir hádegi þjónar það jafnframt hlutverki almenningsbókasafns.

Nemendur lesa eins oft og kostur er fyrir kennara eða starfsmenn og þyngist lesefnið eftir getu nemenda. Farið er eftir lestrarlista Lindaskóla en þar er bókakosti skólans raðað eftir þyngd texta.

Mikilvæg og læsishvetjandi verkefni sem Lindaskóli tekur þátt í eru; *Ugla*n sem er spurningakeppni á miðstigi sem bókasafnsfræðingur Lindaskóla stýrir, *Litla upplestrarkeppnin* fyrir 4. bekk og *Stóra upplestrarkeppnin* fyrir 7. bekk. Þetta eru verkefni sem skólinn leggur metnað í og er stoltur af.

5.3 Tengslakannanir

Samkvæmt eineltisáætlun skólans eru félagatengsl nemenda kortlögð á hverju ári með tengslakönnun. Tengslakannanir eru lagðar fyrir til að fá innsýn í hvernig einstaklingar í hópi tengjast og hverjir eru líklegir til að geta unnið vel saman eða verið saman við tiltekna aðstæður. Einnig gefur tengslakönnun innsýn inn í félagslega stöðu hvers og eins, vinsældir, höfnun, trygg sambönd o.fl. Tengslakannanir eru gagnlegar fyrir umsjónarkennara til að kanna félagslega stöðu og í framhaldinu að fara í markvissa

vinnu við að efla félagatengsl og samkennd í hópi. Þær eru einnig tæki sem gefa kennara innsýn í hvaða nemendur standa utan við félagahópinn.

Niðurstöður tengslakannana eru notaðar í skólanum en eru hvorki birtar nemendum né foreldrum/forráðamönnum þar sem bekkurinn í heild kemur fram í niðurstöðunum.

5.4 Starfsmannasamtöl

Mannauður hvers skóla er mjög dýrmæt auðlind. Í Lindaskóla er mikil áhersla lögð á starfsánægju, góð samskipti, vellíðan og faglegt skólastarf. Enda eru gildi skólans; *Vinátta - Virðing - Viska*. Mannauðurinn er metinn á hverju ári með starfsmannasamtölum og annað hvert ár með starfsmannakönnun Skólapúlsins.

Í mars á hverju ári fara fram starfsmannasamtöl við alla starfsmenn Lindaskóla. Skólastjórnendur undirbúa í sameiningu samtölin og ákveða hvaða þætti eigi að leggja áherslu á. Starfsmannasamtölin eru jafnframt starfspróunarsamtöl. Þau eru mikilvægur þáttur í að meta hvernig starfið er að ganga hjá einstaka starfsmönnum og í skólanum í heild. Nokkrir þættir eru alltaf til umræðu eins og líðan, samskipti, starfspróun og símenntun og starfið á komandi skólaári. Einnig er starfið almennt í skólanum rætt til að meta styrkleika og veikleika skólastarfsins með það að markmiði að gera enn betur.

6. Umbótaáætlun – Verkáætlun fyrir skólaárið 2020-2021

Þegar niðurstöður úr nemenda- og foreldrakönnun Skólapúlsins frá skólaárinu 2019-2020 lágu fyrir í vor var ákveðið hvaða þætti skyldi taka fyrir í umbótaáætlun. Fjallað er um þau viðmið sem skólinn hefur sett sér í kafla 2.1 á bls. 7. Ef niðurstöður skólans í ákveðnum þáttum eru marktækt undir landsmeðaltali eru þeir teknir fyrir í umbótaáætlun. Einnig eru þættir sem tengjast velferð nemenda, eins og einelti, alltaf settir inn í umbótaáætlunina.

Matsteymið kynnti niðurstöður kannananna fyrir starfsfólki Lindaskóla í maí og fyrir skólaráði í júní. Sökum aðstæðna vegna Covid-19 var ákveðið að fresta kaffihúsafundi fram á haustið en þá blossaði faraldurinn upp á ný. Því var ákveðið að hafa fjarkennarafundi þar sem kennurum var skipt upp í fjóra hópa. Hvert stig fundaði saman og list- og verkgreinakennarar funduðu saman. Einn kennari var fundarstjóri og einn ritari.

Umbótaáætluninni er skipt upp í eftirfarandi hluta:

1. Líðan og heilsa - einelti
2. Ánægja nemenda af lestri
3. Virkni nemenda í skólanum
4. Virk þátttaka nemenda í tímum
5. Stuðningur við kennara vegna nemenda með námserfiðleika

Matsteymi skólans fékk hugmyndir frá starfsfólki varðandi umbætur, vann úr þeim og setti inn í umbótaáætlun skólans. Matsteymið lauk þeirri vinnu á haustmánuðum þar sem fulltrúar nemenda og foreldra sitja.

Í fylgiskjölum er umbótaáætlunin og þar kemur fram hver staðan er í þeim umbótaþáttum sem teknir eru fyrir, hvert markmiðið er með umbótunum, aðgerðir sem á að framkvæma og hvenær sem og hver ber ábyrgð á þeim. Einnig hvernig og hvenær endurmat fer fram og viðmið um árangur. Bókstafirnir í töflunum vísa til þeirra kannana sem við á, þ.e. foreldra eða nemenda (F = foreldrakönnun og N = nemendakönnun). Númerin fyrir aftan bókstafina vísa til númers spurninga.

Nú verður fjallað í stuttu máli um umbótaáætlunina, stöðuna í þeim þáttum sem við viljum sjá betri, markmið með umbótum og aðgerðir skólans til umbóta (Fylgiskjal 3, bls. 28-35).

6.1 Velferð nemenda, líðan, heilsa, einelti

Markmið Lindaskóla er að öllum nemendum og starfsmönnum líði vel í skólanum og sýni samábyrgð til að svo megi vera. Áreitni og einelti er ekki liðið í Lindaskóla og er mikilvægt að vinna eftir eineltisáætlun skólans þegar slík mál koma upp.

Eins og sjá má í töflu 1, sem er hluti af umbótaáætlun skólans, segjast 13 nemendur (10%) hafa orðið fyrir einelti í skólanum einu sinni eða oftár á síðustu 30 dögum. Þetta er 13 nemendum of mikið og allir verða að leggjast á eitt til að hjálpast að við að bæta stöðuna. Það á enginn nemandi að þurfa að upplifa baktal, að vera beittur ofbeldi, vera skilinn útundan, fá særandi orðsendingar og líða illa yfir því hvernig komið er fram við hann. Sjá nánar umbótaáætlun í fylgiskjali 3, töflu 1 bls. 28-29.

6.2 Ánægja nemenda af lestri

Markmið Lindaskóla er að veita nemendum nám og kennslu við hæfi og að nemendur skólans standi sig vel í samanburði við aðra nemendur á landinu.

Nemendur í Lindaskóla eru fyrir neðan landsmeðaltal þegar kemur að ánægju af lestri og er markmið skólans að efla lestraráhuga nemenda með ýmsum hætti eins og sést í fylgiskjali 3, töflu 2 bls. 30-31.

6.3 Virk þátttaka nemenda í kennslustundum

Í námi er mikilvægt að nemendur fái tækifæri til þess að tjá sig um námið, að koma skoðunum sínum og hugmyndum á framfæri hvort sem er við kennara eða skólafélaga. Upplifun nemenda í Lindaskóla af því að þeir fái tækifæri til slíkrar tjáningar innan kennslustunda er marktækt undir landsmeðaltali og því þörf á úrbótum. Til að efla þátttöku nemenda í kennslustundum eru markmið skólans að mælast á pari við landsmeðaltal eða hærri vorið 2021. Sjá áætlun í fylgiskjali 3, töflu 3 bls. 32.

6.4 Leiðsagnarmat

Þegar kemur að leiðsagnarmati er Lindaskóli marktækt undir landsmeðaltali og nemendur finna þörf fyrir meiri eða betri endurgjöf í námi sínu. Forsendur til að taka ábyrgð á eigin námi eru að þekkja námslega stöðu sína og því nauðsynlegt að fá uppbyggilega gagnrýni og leiðbeiningar jafnt og þétt. Markmið Lindaskóla er að vera á pari við landsmeðaltal eða hærri og sjá má með hvaða hætti það verður gert á skólaárinu 2020-2021 í fylgiskjali 3, töflu 4 bls. 33.

6.5 Starfsumhverfi kennara

Þegar kennarar eru spurðir um stuðning við nemendur með námserfiðleika er Lindaskóli marktækt undir landsmeðaltali. Þeir upplifa að aðgangur þeirra að kennurum eða öðru starfsfólki til að vinna með þeim inni í skólastofunni sé minni en að jafnaði á landinu öllu. Markmið Lindaskóla er að bæta stöðuna m.a. með því að taka umræðu við kennara um hvernig sá tími og sá mannaflí sem skólinn hefur til umráða geti nýst á betri hátt. Sjá nánar í fylgiskjali 3, töflu 5 bls. 34.

6.6 Starfsmannakönnun – Vinnustaðurinn

Sem fyrr segir er markmið Lindaskóla að öllum nemendum og starfsmönnum líði vel í skólanum og sýni samábyrgð til að svo megi vera. Áreitni og einelti er ekki liðið í Lindaskóla og er mikilvægt að vinna eftir eineltisáætlun skólans þegar slík mál koma upp. Eins og sjá má í töflu 6 sem er hluti af umbótaáætlun skólans, segjast tveir starfsmenn (3,5%) hafa orðið fyrir einelti í skólanum einu sinni eða oftár á síðustu 30 dögum sem er óásættanlegt í því góða starfsumhverfi sem er við lýði í Lindaskóla. Þrátt fyrir að niðurstöður í starfsmannakönnun séu betri en á landsvísu þá á enginn að þurfa að upplifa einelti á vinnustað. Sjá aðgerðir í umbótaáætlun í fylgiskjali 3, töflu 6 bls. 38.

Lokaorð

Markmið með innra mati skóla er að draga fram styrkleika og veikleika skólstarfsins og setja fram áætlun um umbætur þar sem það á við.

Í þessari skýrslu hefur verið gerð grein fyrir matsvinnu Lindaskóla skólaárið 2019-2020. Sagt var frá umbótavinnu skólaársins, niðurstöðum Skólapúlsins í nemenda- og starfsmannakönnunum vetrarins og þeim umbótum sem unnið var að. Einnig var sagt frá samræmdum könnunarprófum og lesferilsprófum sem voru lögð fyrir þetta skólaár, tengslakönnunum og starfsmannasamtölum.

Helstu styrkleikar skólstarfsins að mati nemenda og eru marktækt yfir landsmeðaltali eru:

- Ánægja af náttúrufræði
- Sjálfsálit

Styrkleikar starfsins að mati starfsmanna og eru marktækt yfir landsmeðaltali eru:

- Skýrleiki hlutverks
- Jákvæðar áskoranir í starfi
- Leikni í starfi
- Skuldbinding til vinnustaðarins
- Starfsandi
- Stuðningur frá samstarfsfólki
- Stuðningur við nýsköpun
- Stuðningur frá næsta yfirmanni
- Valdeflandi forysta
- Ræktun mannauðs
- Fjöldi starfsmannaviðtala undanfarið ár
- Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum

Þeir þættir sem mældust marktækt undir landsmeðaltali í nemendakönnuninni og fara inn í þá umbótaáætlun sem unnið verður eftir skólaárið 2020-2021 eru:

- Virk þátttaka nemenda í tímum
- Tíðni leiðsagnarmats

Ánægja nemenda af lestri hefur aukist á milli ára en er enn undir landsmeðaltali. Það þarf því að halda áfram að vinna að því að efla ánægju þeirra af lestri. Það markmið er sett inn í umbótaáætlunina sem og vinna með líðan og einelti sem eru þættir sem við vinnum ávallt með.

Samkvæmt þeim viðmiðunum sem við settum okkur varðandi árangur eru engir þættir í starfsmannakönnuninni sem þurfa að fara í umbótaáætlunina. Við munum hins vegar setja inn í áætlunina vinnu með líðan og einelti eins og gert er á hverju ári. Árangur nemenda í lesfimiþrófum í maí 2019 var í heildina ágætur. Einn árgangur var undir landsmeðaltali, einn var í meðaltalinu en aðrir fyrir ofan.

Niðurstaða skólans í samræmdum könnunarþrófum skólaárið 2019-2020 kom þokkalega út en ekki alveg eins vel og undanfarin ár. Nemendur í 4. bekk voru undir landsmeðaltali í íslensku og nemendur í 9. bekk voru rétt undir landsmeðaltali í ensku. Árangurinn var bestur hjá 9. bekk í stærðfræði, vel yfir landsmeðaltali.

Niðurstöður innra mats Lindaskóla skólárið 2019-2020 voru almennt ásættanlegar. Starfsmannakönnun Skólapúlsins kom vel út og voru styrkleikarnir margir. Eins og fram hefur komið viljum við ávallt gera betur og ná enn betri árangri og þá sérstaklega í þeim þáttum þar sem skólinn er undir landsmeðaltali.

Lindaskóli, 17. desember 2020

Auðbjörg Njálisdóttir, umsjónarkennari á elsta stigi

Fjóla Borg Svavarsdóttir, kennari í upplýsingatækni

Guðríður Ólafsdóttir, umsjónarkennari á miðstigi

Hilmar Björgvinsson, aðstoðarskólastjóri

Sigríður Dóra Gísladóttir, umsjónarkennari á elsta stigi

Sveindís Ólafsdóttir, umsjónarkennari á yngsta stigi

Margrét Hjálmarsdóttir, fulltrúi foreldra

Elísa Björnsdóttir 10. þS, fulltrúi nemenda

Emma Ýr Guðmundsdóttir 10. þS, fulltrúi nemenda

Fylgiskjal 1. Nemendakönnun 2019-2020. Helstu niðurstöður

1. Virkni nemenda í skólanum

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	4,5	129	0,0	4,7	14.969	-0,2
1.2. Þrautseigja í námi	4,9	130	-0,4	4,8	15.011	0,1
1.3. Áhugi á stærðfræði	5,2	130	0,0	5,0	15.274	0,2
1.4. Ánægja af náttúrufræði	5,5	130	-0,1	4,8	15.270	0,7*
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	4,6	130	-0,2	4,8	15.026	-0,2
1.6. Trú á eigin námsgetu	4,6	130	-0,4	4,7	15.263	-0,1

2. Líðan og heilsa

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Sjálfsálit	4,8	130	0,0	4,5	14.993	0,3*
2.2. Stjórn á eigin lífi	4,7	130	-0,2	4,6	14.973	0,1
2.3. Vellíðan	4,6	130	-0,2	4,6	15.203	0,0
2.4. Áhyggjur og stress - ástæður	-	48	-	-	-	-
2.5. Einelti	5,4	130	0,1	5,4	15.178	0,0
2.6. Tíðni eineltis	10,0%	13/130	2,2%	12,5%	1915/15123	-2,5%
2.7. Staðir eineltis	-	13	-	-	-	-
2.8. Tíðni hreyfingar - 2 í viku eða oftar	47,2%	60/127	-12,1%	45,6%	6657/14780	1,6%
2.9. Hollt mataræði	4,8	130	-0,1	4,7	14.912	0,1

3. Skóla- og bekkjarandi

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	5,2	130	-	5,0	14.909	0,2
3.2. Samband nemenda við kennara	4,8	130	-0,7	4,9	15.134	-0,1
3.3. Agi í tímum	5,1	130	-0,1	4,9	15.129	0,2
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	4,5	130	-0,7	5,1	15.102	-0,6*
3.5. Tíðni leiðsagnarmats	4,4	130	-	5,0	15.089	-0,6*

Fylgiskjal 2. Starfsmannakönnun 2019-2020. Helstu niðurstöður

1. Starfið

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Vinnuálag	4,9	61	-	4,8	2.473	0,1
1.2. Skýrleiki hlutverks	5,6	61	-	4,9	2.469	0,7*
1.3. Ágreiningur um hlutverk	4,7	61	-	4,9	2.474	-0,2
1.4. Jákvæðar áskoranir í starfi	5,5	61	-	5,2	2.473	0,3*

2. Starfsmenn

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Leikni í starfi	5,7	58	-	5,0	2.451	0,7*
2.2. Skuldbinding til vinnustaðarins	5,7	58	-	5,2	2.451	0,5*
2.3. Skörun vinnu og einkalífs	5,3	57	-	5,0	2.450	0,3

3. Vinnustaðurinn

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Starfsandi	5,9	58	-	5,3	2.434	0,6*
3.2. Stuðningur frá samstarfsfólki	5,6	57	-	5,1	2.422	0,5*
3.3. Stuðningur við nýsköpun	5,8	58	-	5,2	2.417	0,6*
3.4. Mismunur	4,5	58	-	4,8	2.421	-0,3
3.5. Einelti (þú)	3,5%	2 _{/57}	-	3,9%	84 _{/2413}	-0,4%
3.6. Einelti (annar en þú)	6,9%	4 _{/58}	-	10,8%	256 _{/2386}	-3,9%
3.7. Einelti (séð 2 eða fleiri lagða í einelti)	1,7%	1 _{/58}	-	3,8%	90 _{/2386}	-2,1%

4. Stjórnun

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Stuðningur frá næsta yfirmanni	5,9	57	-	5,3	2.372	0,6*
4.2. Sanngjörn forysta	5,5	57	-	5,3	2.365	0,2
4.3. Valdeflandi forysta	5,7	55	-	5,1	2.334	0,6*
4.4. Ræktun mannauðs	6,2	56	-	5,3	2.369	0,9*
4.5. Starfsmannaviðtöl undanfarið ár	90,7%	49 _{/54}	20,1%	77,8%	1909 _{/2433}	12,9%*
4.6. Gagnsemi starfsmannaviðtals	87,2%	41 _{/47}	-2,2%	88,1%	1562 _{/1796}	-0,9%

5. Kennarar – Kennarastarfið

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
5.1. Ánægja með kennarastarfið	5,8	34	0,8	5,4	1.567	0,4
5.2. Trú kennara skólans á eigin getu	5,5	34	-0,1	4,9	1.567	0,6*
5.3. Upplýsingamiðlun til foreldra	4,9	33	0,3	5,0	1.415	-0,1
5.4. Áætlaður meðaltími í heimavinnu nemenda á viku	50,2 mín	29	7,6 mín	41,3 mín	1.351	8,9 mín
5.5. Undirbúningur kennslu í skólanum	70,6%	24 _{/34}	13,1%	69,3%	1099 _{/1594}	1,3%
5.6. Öllum bekknum kennt í einu	35,3%	12 _{/34}	-9,7%	48,5%	755 _{/1494}	-13,2%*
5.7. Hóþavinna í bekk	57,6%	19 _{/33}	22,6%	35,1%	456 _{/1414}	22,5%*
5.8. Einstaklingsvinna í bekk	45,5%	15 _{/33}	18,6%	31,6%	463 _{/1501}	13,9%*
5.9. Einstaklingsmiðuð kennsla	60,6%	20 _{/33}	6,9%	54,1%	797 _{/1536}	6,5%
5.10. Áhersla kennara á námsmat með prófum	6,5%	2 _{/31}	-1,0%	12,9%	192 _{/1448}	-6,4%
5.11. Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum	83,9%	26 _{/31}	3,9%	75,4%	1167 _{/1556}	8,5%
5.12. Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum (annað)	-	3	-	-	-	-

6. Kennarar – Starfsumhverfi kennara

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
6.1. Stuðningur við kennara vegna nem. með námserfiðleika	4,6	31	-0,2	5,3	1.378	-0,7*
6.2. Stuðningur við kennara vegna hegðunaröðugleika nem.	5,3	32	0,6	5,4	1.353	-0,1
6.3. Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara	5,8	34	0,7	5,0	1.533	0,8*
6.4. Samráð um kennslu	5,6	33	0,8	5,0	1.498	0,6*
6.5. Samvinna um kennslu	5,7	29	0,6	5,6	1.399	0,1

7. Símenntun kennara

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
7.1. Fjöldi daga í símenntun undanfarið ár	54,3%	19 _{/35}	0,2%	45,0%	697 _{/1520}	9,3%
7.2. Símenntunarpörf kennara	4,5	33	-0,6	5,3	1.532	-0,8*
7.3. Símenntunarpörf kennara (annað)	-	0	-	-	-	-
7.4. Hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun undanf. 12 mán.	45,5%	15 _{/33}	0,7%	49,2%	777 _{/1535}	-3,7%
7.5. Hindranir í símenntun kennara	-	-	-	-	-	-
7.6. Leiðir kennara til að auka eigin þekkingu/færni sl. 12 mán.	-	33	-	-	-	-

Fylgiskjal 3. Umbótaáætlun Lindaskóla – Verkáætlun fyrir skólaárið 2020-2021

Tafla 1

Velferð nemenda, líðan, einelti

Markmið: Að öllum nemendum líði vel í Lindaskóla

Umbótaþættir/staðan	Markmið með umbótum	Aðgerðir/viðbrögð	Hvenær unnið?	Framkvæmd/ ábyrgð	Endurmat; hvenær, hvernig	Viðmið um árangur
<p>Einelti (N2,5) 5,4 (landið 5,4)</p> <p>Spurningar sem mynda matsþátt: Hve oft gerðist eftirfarandi á síðustu 30 dögum?</p> <p>2.5.1 Mér fannst að einhver væri að baktala mig. Stundum eða oft 32,4% (landið 33,2%).</p> <p>2.5.2 Ég var beitt(ur) ofbeldi. Stundum eða oft 5,4% (landið 7,1%).</p> <p>2.5.3 Ég var skilin(n) útundan. Stundum eða oft 11,5% (landið 13,8%)</p> <p>2.5.4 Einhver sagði eitthvað særandi við mig. Stundum eða oft 22,5% (24,3%)</p> <p>2.5.5 Mér leið mjög illa yfir því hvernig krakkarnir létu við mig. Stundum eða oft 16,1% (16,2%)</p>	<p>Að allir nemendur viti hvað hugtakið einelti þýðir og geri sér grein fyrir alvarleika þess.</p>	<p>Á degi eineltis fái nemendur fræðslu um eineltishugtakið sem hentar hverju aldurstigi fyrir sig.</p>	<p>8. nóvember.</p>	<p>Kennarar.</p>	<p>Vorið 2021. Samskipti og einelti er metið á hverju ári í Skólapúlsinum.</p>	<p>Viðmiðið er ávallt það að ekkert einelti mælist í Lindaskóla.</p>
	<p>Að tryggja það að eineltisáætlun Lindaskóla sé virk.</p>	<p>Starfsmenn vinni eftir eineltisáætlun skólans.</p>	<p>Skólaárið 2020-2021.</p>	<p>Starfsmenn/ skólastjórnendur.</p>		
	<p>Að allir starfsmenn þekki eineltisáætlun skólans og bókina Saman í sátt.</p>	<p>Starfsmenn lesi yfir eineltisáætlun skólans til upprifjunar og efni bókarinnar <i>Saman í sátt</i> sé tekið fyrir á stuttum lesfundum.</p>	<p>Haustið 2020 og framvegis að hausti hvert ár.</p>	<p>Kennarar/ skólastjórnendur/ námsráðgjafi.</p>		

<p>2.5.6 Mér leið mjög illa yfir því sem krakkarnir sögðu um mig eða við mig á netinu. Stundum eða oft 6,9% (landið 7,5)</p> <p>Tíðni eineltis (N2,6) 10%, 13 nemendur (landið 12,7%) Spurning sem mynda matsþátt: 2.6.1 Á síðustu 30 dögum, hve mörgum sinnum hefur þú verið lagður/lögð í einelti í skólanum?</p>	<p>Að jákvæðni og virðing sé höfð að leiðarljósi í öllum samskiptum í skólasamfélaginu.</p>	<p>Bekkjarfundir, spjall við nemendur. Umsjónarkennarar fjalla um samskipti með nemendum. Allir kennarar fjalla um samskipti á milli nemenda. Ábyrgð allra starfsmanna að grípa tækifærið. Fræðsla til nemenda, jafnvel á vegum utanaðkomandi aðila um almenn samskipti og samskipti á netinu.</p>	<p>Allt skólaárið.</p>	<p>Kennarar/ skólastjórnendur/ foreldrar/ utanaðkomandi aðilar.</p>		
	<p>Að allir kennarar fylgi eftir samskiptamálum.</p>	<p>Haldið er utan um skráningu á málum sem upp koma og mál eru leyst eins fljótt og auðið er.</p>	<p>Skólaárið.</p>	<p>Kennarar/ skólastjórnendur/ námsráðgjafi.</p>		
	<p>Að kennarar/nemendur geti leitað til teymis til samvinnu og lausnaleitar við erfið eineltismál sem ekki næst að leysa á hefðbundinn hátt.</p>	<p>Stofnað verði teymi eineltismála sem kæmi upp verkfærakistu með kennsluhugmyndum og ráðum sem kennarar geta leitað í.</p>	<p>Vorönn 2021.</p>	<p>Kennarar/ skólastjórnendur/ námsráðgjafi.</p>		

Tafla 2

Nám og kennsla – ánægja nemenda af lestri

Markmið: Að nemendur Lindaskóla lesi sér til ánægju

Umbótaþættir/staðan	Markmið með umbótum	Aðgerðir/viðbrögð	Hvenær unnið?	Framkvæmd/ábyrgð	Endurmat; hvenær, hvernig	Viðmið um árangur
<p>Ánægja af lestri (N1,1) 4,5 (landið 4,7)</p> <p>Lindaskóli er undir landsmeðaltali.</p> <p>Spurningar sem mynda matsþátt:</p> <p>1.1.1 Ég les bara þegar ég verð að gera það* Mjög sammála eða sammála 58,2% (landið 55,5%)</p> <p>1.1.2 Lestur er eitt af uppáhaldsáhugamálum mínum* Mjög sammála eða sammála 22,7% (landið 29%)</p> <p>1.1.3 Mér finnst gaman að tala um bækur við aðra Mjög sammála eða sammála 31,8% (landið 34,8%)</p> <p>1.1.4 Ég verð ánægð(ur) ef ég fæ bók að gjöf</p>	<p>Að kennarar og forráðamenn þekki lestrarstefnu skólans, m.a. er varðar mikilvægi heimalesturs.</p>	<p>Kennarar fylgi lestrarstefnu skólans og upplýsi forráðamenn um hana.</p>	<p>Haustofundir 2020.</p>	<p>Umsjónar-kennarar.</p>	<p>Skólapúlsinn vorið 2021.</p>	<p>Að ánægja nemenda af lestri aukist á milli ára.</p>
	<p>Auka ánægjulegar lestrarstundir með yndislestri og gæta þess að allir nemendur Lindaskóla fái tíma til yndislesturs á skólatíma.</p>	<p>Byrja skóladaginn á yndislestri í öllum árgöngum eða finna þann tíma sem hentar.</p> <p>Viðbótartími í íslensku hjá 9.-10. bekk til að hafa svigrúm til yndislesturs.</p> <p>Kennarar lesi fyrir nemendur í nestistíma í 1.-7. bekk. Tengja myndefni við lesturinn þar sem það á við.</p>	<p>Skólaárið.</p>	<p>Kennarar/ skóla-stjórnendur.</p>		
	<p>Auka ánægju nemenda af lestri með fjölbreytni.</p>	<p>Fjölbreytt lestrarverkefni og nýta spjaldtölvur sem tæki til lestrar.</p>	<p>Skólaárið.</p>	<p>Kennarar/ skóla-stjórnendur.</p>		

<p><i>Mjög sammála eða sammála 66,6% (landið 69,9%)</i></p> <p>1.1.5 <i>Lestur er tímasóun fyrir mig.*</i> <i>Mjög sammála eða sammála 20,5% (landið 21,3%)</i></p> <p>1.1.6 <i>Mér finnst gaman að fara í bókabúð eða á bókasafn. Mjög sammála eða sammála 48,4% (landið 54%)</i></p>	<p>Kynna nemendum áhugaverðar bækur sem hæfir lestrargetu og aldri.</p>	<p>Bækur mánaðarins kynntar á skólabókasafni og upplýsingaskjá skólans.</p>	<p>Skólaárið.</p>	<p>Skólabókasafnsfræðingur/ skólastjórnendur.</p>		
	<p>Auka og efla úthald við heimalestur.</p>	<p>Senda foreldrum góð ráð til að hafa í huga þegar hlustað er á upplestur heima.</p>	<p>Vor 2021 og síðan að hausti komandi ár.</p>	<p>Sérkennari/ kennarar.</p>		
	<p>Auka og efla úthald við heimalestur.</p>	<p>Sérstakt hæfniviðmið fyrir fjölda skipta sem heimalestur er skráður.</p>	<p>Skólaárið 2020-2021.</p>	<p>Kennarar.</p>		

Tafla 3
Skóli og bekkjarandi

Markmið: Að nemendur taki virkan þátt í kennslustundum

Umbótaþættir/staðan	Markmið með umbótum	Aðgerðir/viðbrögð	Hvenær unnið?	Framkvæmd/ ábyrgð	Endurmat; hvenær, hvernig	Viðmið um árangur
<p>Virk þátttaka nemenda í tímum (N.3,4) 4,5 * (landið 5,1)</p> <p>Marktækur munur (-0,6*) þ.e. að Lindaskóli er marktækt undir landsmeðaltali.</p> <p>Spurningar sem mynda matsþátt: Hve oft gerist eftirfarandi í kennslutímum hjá þér?</p> <p>3.4.1 Nemendur fá tækifæri til að útskýra hugmyndir sínar.* Í flestum tímum eða öllum 48,5 % (landið 59,5%)</p> <p>3.4.2 Í tímum fá nemendur tækifæri til að koma skoðunum sínum um ákveðin viðfangsefni á framfæri.* Í flestum tímum eða öllum 48,9 % (landið 59,3%)</p> <p>3.4.3 Nemendur ræða saman um námsefnið.* Í flestum tímum eða öllum 36,1 % (landið 48,4%)</p>	<p>Að í Lindaskóla séu nemendur hvattir til að tjá sig um námsefnið, skiptast á skoðunum og taki virkan þátt í kennslustundum.</p>	<p>Efla nemendur í tjáningu og framsögn.</p> <p>Aukin áhersla á kennslu í framsögn; 7.-10. bekkur.</p>	Skólaárið.	Kennarar/ námsráðgjafi/ utan-aðkomandi aðilar.	Skólapúlsinn vor 2021.	Að virkni mælist á pari eða betri en landsmeðaltal.
		<p>Hvetja nemendur til þess að tjá sig í tímum, allar spurningar tengdar námsefninu eiga rétt á sér.</p> <p>Gefa nemendum tækifæri til að ræða um námsefnið í minni hópum.</p>	Í öllum kennslustundum.	Kennarar.		

Tafla 4
Skóli og bekkjarandi frh.

Markmið: Að nemendur fái reglulega endurgjöf í náminu

Umbótaþættir/staðan	Markmið með umbótum	Aðgerðir/viðbrögð	Hvenær unnið?	Framkvæmd/ ábyrgð	Endurmat; hvenær, hvernig	Viðmið um árangur
<p>Tíðni leiðsagnarmats (N.3,5) 4,4 * (landið 5,0)</p> <p>Marktækur munur (-0,6*) þ.e. að Lindaskóli er marktækt undir landsmeðaltali.</p> <p>Spurningar sem mynda matsþátt: Hversu oft eiga eftirfarandi setningar við um þig?</p> <p>3.5.1 Kennararnir láta mig vita hve vel mér gengur í náminu.* <i>Oft, alltaf eða næstum alltaf 29,2% (landið 43,8%)</i></p> <p>3.5.2 Kennararnir ræða við mig um það sem gengur vel hjá mér og það sem gengur illa hjá mér í náminu.* <i>Í flestum tímum eða öllum 23,9% (landið 35%)</i></p> <p>3.5.3 Kennararnir segja mér hvað ég þarf að gera til að ganga betur í náminu.* <i>Í flestum tímum eða öllum 25,4% (landið 41,2%)</i></p>	<p>Að nemendur fái reglulega upplýsingar um námslega stöðu sína.</p>	<p>Kennarar veiti reglulega endurgjöf til nemenda, bæði í kennslustundum og einnig skriflega í Google Classroom/Mentor.</p>	<p>Allt skólaárið.</p>	<p>Kennarar.</p>	<p>Skólapúlsinn 2020-2021.</p>	<p>Að tíðni leiðsagnarmats mælist á pari eða hærri en landsmeðaltali.</p>
		<p>Að umsjónarkennarar bjóði nemendum á unglingsstigi upp á einstaklingsviðtöl til viðbótar við hefðbundin foreldraviðtöl.</p>	<p>Í tengslum við foreldra- og nemenda-viðtalsviku að hausti og vori.</p>	<p>Umsjónarkennarar.</p>	<p>Vorið 2021.</p>	

Tafla 5
Starfsumhverfi kennara

Markmið: Að kennarar fái stuðning vegna nemenda með námserfiðleika

Umbótaþættir/staðan	Markmið með umbótum	Aðgerðir/viðbrögð	Hvenær unnið?	Framkvæmd/ábyrgð	Endurmat; hvenær, hvernig	Viðmið um árangur
<p>Stuðningur við kennara vegna nemenda með námserfiðleika (6.1) 4,6 * (landið 5,3)</p> <p>Marktækur munur (-0,7*) þ.e. að Lindaskóli er marktækt undir landsmeðaltali.</p> <p>Spurningar sem mynda matsþátt: Eru eftirfarandi úrræði tiltæk fyrir þig við vinnu með nemendum sem eiga í erfiðleikum með nám?</p> <p>6.1.1 Ég hef aðgang að kennara eða öðru starfsfólki til að vinna með þeim nemendum í kennslustundum Alltaf, oft eða stundum 64,6% (landið 77,9%)</p> <p>6.1.2 Ég hef aðgang að öðrum kennara eða öðru starfsfólki til að vinna með þeim nemendum utan kennslustofunnar. Alltaf, oft eða stundum 56,6% (landið 74,2%)</p> <p>6.1.3 Ég hef aðgang að ráðgjöf sérfræðinga (t.d. sérkennara eða talkennara) sem geta leiðbeint mér í vinnu minni með þeim nemendum Alltaf, oft eða stundum 86,6% (landið 81,4%)</p>	<p>Að kennarar hafi stuðning frá öðrum kennurum eða starfsfólki vegna nemenda með námserfiðleika.</p>	<p>Stjórnendur kynna kennurum þann starfsmannafjölda og tímamagn sem skólinn fær úthlutað í dag til sérkennslu og stuðnings. Í framhaldinu verður rætt í umræðuhópum hvort og/eða hvernig hægt væri að nýta tímamagnið á annan hátt sem kæmi nemendum og skólstarfinu enn betur.</p> <p>Í dag eru fjórir sérkennarar, þrjár stuðningsfulltrúar og einn þroskaþjálfari sem styðja nemendur með námserfiðleika.</p>	<p>Vorið 2021.</p>	<p>Skólastjóri og deildarstjóri sérkennslu.</p>	<p>Skólapúlsinn febrúar 2022.</p>	<p>Að staðan í Lindaskóla komi vel út í næstu mælingu.</p>

Tafla 6
Starfsmannakönnun – Vinnustaðurinn

Markmið: Að öllum starfsmönnum skólans líði vel

Umbótapættir/staðan	Markmið með umbótum	Aðgerðir/viðbrögð	Hvenær unnið?	Framkvæmd/ábyrgð	Endurmat; hvenær, hvernig	Viðmið um árangur
<p>Einelti (þú) (S3.5) 3,5%, tveir starfsmenn (landið 3,9%)</p> <p>Lindaskóli er undir landsmeðaltali.</p> <p>Spurningar sem mynda matspátt: 3.5.1 Hefur þú orðið fyrir einelti eða áreitni á vinnustaðnum undanfarna sex mánuði?</p> <p>Einelti (séð tvo eða fleiri lagða í einelti) (S3.6) 1,7%, einn starfsmaður (landið 3,8%)</p> <p>3.6.1 Hversu marga (aðra en þig) hefurðu séð lagða í einelti eða verða fyrir áreitni á þínum vinnustað undanfarna sex mánuði?</p>	<p>Að einelti meðal starfsfólks viðgangist ekki.</p> <p>Að allir starfsmenn þekki eineltisáætlun Kópavogsbæjar.</p> <p>https://www.kopavogur.is/stat/ic/files/Umhverfi-og-utivist/eineltisstefna-endurskodun-24.nov-16-lokautg.pdf</p>	<p>Stjórnendur eru til staðar og mikilvægt að starfsfólk leiti til þeirra eða trúnaðarmanna ef þeir upplifa einhvers konar áreitni frá samstarfsfólki, nemendum eða foreldrum.</p> <p>Samábyrgð; láta stjórnendur vita ef við höfum áhyggjur af einhverjum í hópnum eða tala við viðkomandi.</p> <p>Ef ekki er brugðist við kvörtun þinni skalt þú hafa samband við þitt stéttarfélag, Vinnueftirlitið eða eineltisteymi bæjarins (einelti@kopavogur.is).</p>	Skólaárið.	Skóla-stjórnendur/starfsfólk.	Næsta starfsmannakönnun Skólapúlsins.	Að ekkert einelti mælist meðal starfsmanna í Lindaskóla.